

og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.600.00.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson dómarafulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, nnr. 4626-6846, Krummahólum 6, Reykjavík, ber að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum í fasteigninni Mjallargötu 8, Ísafirði, sem er 4,16625% eignarinnar til dánarbús Hannesínu Bjarnadóttur, nnr. 3733-4057, Mjallargötu 8, Ísafirði og greiða kr. 3.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1984.

Nr. 185/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Antoni Ófeigi Antonssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 4. ágúst 1983 refsingu til þyngingar. Verjandi krefst þess, að refsing verði skilorðsbundin.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 10. janúar 1984.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram gögn um það, að ákærði hafi greitt skaðabótakröfur Fjórdungssjúkrahússins á Akureyri og Akureyrardeildar Rauða krossins, og nema greiðslurnar í fyrra tilviki 29.913.00 krónum, en í síðara tilviki 926.44 krónum.

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu héraðsdóms, en eigi leiddu þau neitt það í ljós, sem ástæða er til að rekja hér. Fram hefur verið lögð rækileg æviferilsskýrsla ákærða.

II.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 1. mars 1983, en eigi 17. febrúar s. á., svo sem í dóminum greinir.

III.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um sakarmat og færslu atferlis ákærða til refsíákvæða.

Héraðsdómi þeim, er gekk í sakadómi Akureyrar hinn 1. mars 1982, var áfrýjað til Hæstaréttar, er lauk dómi á málið hinn 8. júní 1983 með þeim úrslitum, að ákærði skyldi sæta fangelsi 7 mánuði, en fresta skyldi fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og var skilorðstími 3 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu hennar og falli hún niður eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 1. mars 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 325/1982: Ákærvaldið gegn Antoni Ófeigi Antonssyni.

Dómari er Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Málið, sem dómtekið var 7. febrúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. apríl 1982, „á hendur Antoni Ófeigi Antonssyni, húsasmíð, Hafnarstræti 79, Akureyri, fæddum 21. desember 1944 á Akureyri, fyrir eftirgreind auðgunarbrot:

1.

Laugardagsnóttina 19. september 1981, brotist (sic) inn í húsnaði Rauða-krosshótelsins að Skólástíg 5, Akureyri, og stolið þar kr. 500.- í peningum. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Með húsaleigusamningi dagsettum 1. desember 1981, leigt (sic) í heimildarleysi og með sviksamlegum hætti Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 3ja herbergja íbúð að Skipagötu 2 (Ráðhústorg 5), Akureyri, til eins árs og jafnframt tekið við og hagnýtt sér leigugreiðsluna fyrir leigutímann kr. 16.800.-, með því að telja forsvarsmönnum Fjórðungssjúkrahússins trú um, að hann hefði þá nýlega keypt íbúðina, sem hann hafði í raun á leigu til skamms tíma án framleiguréttar.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1962 21/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl. og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1963 26/1 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarl. og 47. gr. lögreglusþ.
- 1967 13/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. umferðarlaga.
- 1968 20/1 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarl. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 20/1 1968.
- 1978 16/5 í Kópavogi: Sátt: 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarl. og 1. mgr. 24. gr. áfengisl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 16/5 1978.

- 1980 21/5 á Akureyri: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hgl. og 73. gr. 1. nr. 94/1933.
- 1980 6/6 á Akureyri: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævi-langt frá s. d.
- 1981 21/8 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
- 1982 1 /3 á Akureyri: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl. og 248. gr. hgl.

Ákærði kom fyrir dóminn hinn 7. febrúar sl., og samþykkti hann þá fyrirtöku málsins, þrátt fyrir að dómarrinn hefði ákveðið þingfestingu málsins hinn 1. mars nk. með áritun á ákæruskjal. Þá samþykkti ákærði dóm-töku málsins í þessu þinghaldi.

Málavextir.

Liður 1. í ákæruskjali.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, braust ákærði inn í húsnæði Rauðakrosshótelisins að Skólástíg 5, Akureyri, hinn 22. september 1981 og tók þaðan 500.00 krónur í peningum. Ákærði hafði unnið í nokkra daga fyrir innbrotið að viðgerðum á húsinu, m.a. gert við múrskemmdir utan á húsinu og lagt gangstétt að því og steipt tröppur. Þá hafði hann málað girðingu kringum húsið. Ákærði kvaðst í greint sinn hafa farið inn um glugga á húsinu með því að losa stormjárn, enda sagðist ákærði hafa vitað, að gluggi þessi stæði alltaf opinn, og hafi gluggi þessi verið á skrifstofuherbergi því, sem hann tók peningana úr.

Ákærði hefur samþykkt að greiða skaðabætur, 500.00 krónur til Bjarna Sigtryggssonar, forstöðumanns Rauðakrosshótelisins að Skólástíg 5, Akureyri, og verður hann dæmdur til að greiða kröfu þessa. Ákærði hefur brotið lagaákvæði það, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins með ofangreindri háttsemi.

Liður 2. í ákæruskjali.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, tók ákærði íbúð á 3. hæð að Skipagötu 2 (Ráðhústorgi 5), Akureyri, á leigu af Águsti Ólafssyni, til heimilis að Ásvegi 17, Akureyri. Leigutíminn hófst 1. október 1981, og var leigusamningur munnlegur og leigutíminn ótilgreindur, og þá sést ekki af gögnum málsins, að samið hafi verið um framleigurétt. Ákærði virðist hafa leigt íbúðina á 1.750.00 krónur á mánuði, og sýnist hann hafa greitt fyrir október og nóvember rétta leigu, en fyrir desember 1981 sýnist hann hafa greitt aðeins 1.200.00 krónur í leigu.

Um mánaðamótin nóvember/desember 1981 sneri ákærði sér til Friðriks Friðjónssonar, skrifstofustjóra Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri, en Fjórðungssjúkrahúsið falaðist iðulega á þessum tíma eftir leiguhúsnæði á Akureyri með auglýsingum í bæjarblöðum vegna lækna og/eða hjúkrunarfólks.

Ákærði bauð Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri fyrrgreinda íbúð til leigu, og lét hann á sér skilja, að hann væri eigandi íbúðarinnar, hann hefði keypt íbúðina nýlega og væri þetta fjögurra herbergja íbúð, en einu herbergi yrði hann að halda eftir vegna ýmissa hluta, sem ákærði hugðist geyma þar. Í framhaldi af þessu var ákveðið, að Friðrik skoðaði íbúðina, sem hann gerði. Hinn 2. desember 1981 var íbúðin síðan tekin út af löggiltum úttektarmanni, og ritaði ákærði nafn sitt á yfirlýsingu um úttekt sem leigusali. Sama dag var síðan gerður skriflegur leigusamningur um íbúðina og vottfestur, þar sem ákærði leigði Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri íbúðina frá 1. desember 1981 til 30. nóvember 1982, og var leigan ákveðin 1.400.00 krónur á mánuði eða 16.800.00 krónur fyrir umrædda 12 mánuði, og greiddi Fjórðungssjúkrahúsið ákærða alla leiguna fyrir fram, og kvittaði hann fyrir henni. Í ársbyrjun 1982 komst Friðrik Friðjónsson að því fyrir tilviljun, að ákærði væri ekki eigandi fyrrgreindrar íbúðar, heldur væri það Ágúst Ólafsson, og var mál þetta kært til rannsóknarlögreglu ríkisins í beinu framhaldi.

Niðurstaða.

Ákærði hélt því fram í fyrstu, að hann hafi haft heimild frá Ágústi Ólafssyni til að framleigja íbúðina.

Við þingfestingu málsins kannaðist ákærði við að atvikum væri rétt lýst í þessum lið ákæruskjalsins, og þá hélt hann því fram, að vafasamt væri, að hann hefði haft framleigurétt á íbúðinni.

Með hliðsjón af þessari játningu ákærða og að öðru leyti með hliðsjón af málsatvikum verður að telja sannað, að ákærði hafi gert sig sekan um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins, og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði hefur samþykkt að greiða Fjórðungssjúkrahúsinu 16.800.00 krónur í skaðabætur, og verður hann dæmdur til að greiða kröfu þessa.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði framdi brot þau, sem greinir í þessu máli, áður en dómurinn frá 1. mars 1982 féll. Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma ákærða hegningarauka við þann dóm. Ákærði hefur og í þessu máli gert sig sekan um brot á 244. gr. og 248. gr. almennra

hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 131. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Bjarna Sigtryggssyni, forstöðumanni Rauðakrosshótelsins að Skólástíg 5, Akureyri, 500.00 krónur.

Ákærði greiði Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 16.800.00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 27/1982. **Vængir h/f**

gegn

Jónasi Sigurðssyni

Útivist. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 27. janúar 1982.

Er mál þetta var tekið fyrir til munnlegs málflyttings 2. febrúar 1984, var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar.

Samkvæmt 39. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973 ber að fella mál þetta niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vængir h/f, greiði stefnda, Jónasi Sigurðssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.